

ORKUSTOFNUN

Alþingi
Erindi nr. P 130/927
Mikudagur 3.2.2004

Grensásvegur 9
108 REYKJAVÍK
os@os.is

Sími - 569 6000
Fax - 568 8896
<http://www.os.is>

Umhverfisnefnd Alþingis
Eva Margrét Ævarsdóttir
nefndarritari
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 30. janúar 2004
Tilvísun: 2003110022
Bréfalykill: 50.13

Efni: Umsögn Orkustofnunar um frumvörp til laga um breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum (106/2000) og skipulags- og byggingarlögum (73/1997).

Orkustofnun hefur borist erindi umhverfisnefndar Alþingis frá 24. nóvember 2003, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvörp til laga um mat á umhverfisáhrifum, 301. mál og skipulags- og byggingarlög, 302. mál.

Lög um mat á umhverfisáhrifum

Álit Skipulagsstofnunar

Niðurstaða Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum mun skv. frumvarpinu verða álit en ekki úrskurður eins og verið hefur. Orkustofnun telur það vera til skýringar, þ.s. misskilnings hefur gætt um skuldbindingargildi niðurstaðna úrskurða Skipulagsstofnunar.


Kæruheimildir

Ein megin breytingin sem frumvarp til breytinga á lögum um mat á umhverfisáhrifum hefur í för með sér er að kæruheimild vegna mats á umhverfisáhrifum fellur niður. Ekki verður heimilt að kæra álit Skipulagsstofnunar til æðra stjórnvalds, einungis er gert ráð fyrir að heimilt verði að kæra veitingu framkvæmdaleyfis fyrir framkvæmdum sem undir lögin falla til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála. Orkustofnun bendir á að með breytingunni er fallið frá kæruheimildum varðandi niðurstöðu mats á umhverfisáhrifum og álit Skipulagsstofnunar. Útgáfa framkvæmdaleyfis kann af hálfu sveitarstjórnar að vera að öllu leyti lögmæt þó mat á umhverfisáhrifum hennar hafi verið gallað á einhvern hátt. Þar sem tekið er fram í gr. 12. b í frumvarpi til breytinga á lögum um mat á umhverfisáhrifum að ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu leyfis til framkvæmda skv. skipulags- og byggingarlögum fyrir matsskyldar framkvæmdir sé kæránleg til úrskurðarnefndar innan mánaðar frá ákvörðun sveitarstjórnar, en ekki er gert ráð fyrir að aðrar ákvarðanir eða málsmeðferð skv. frumvarpinu sé kæránleg til úrskurðarnefndarinnar, þykir Orkustofnun sýnt að ekki sé gert ráð fyrir kæruheimild varðandi sjálf matið á umhverfisáhrifum framkvæmdar. Kæruheimildir til ráðherra eru sérstaklega tilgreindar í 12. gr. a í frumvarpinu og varða ekki framangreinda hlið mála.

Skipulags- og byggingarlög

Orkustofnun gerir ekki athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum.

Virðingarfyllst


Þorkell Helgason
orkumálastjóri